

Titill	Rafmagnsfræði 1
Skammstöfun	RAFM2HL05A
Námsgrein	Rafmagnsfræði
Viðfangsefni	Hugtök, lögmál rafmagnsfræðinnar, mælingar jafnstraums
Prep	2
Einingafjöldi	5
Lýsing	Áhersla er lögð á helstu hugtök og lögmál rafmagnsfræði jafnstraums. Farið er í helstu teiknitákn í jafnstraumsrásum. Lögð er áhersla á að nemandi læri að nýta sér þessi lögmál við útreikning og gerir prófanir á þeim með mælingum í jafnstraumsrásum.
Forkröfur	Engar – B í stærðfræði úr grunnskóla
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • framleiðslu raforku og helstu flutningsleiðum til notenda. • helstu hugtökum, s.s. straumi, spennu og viðnámi. • helstu lögmálum, s.s. Ohms-, Kirchhoffs og afllögmálið. • helstu forskeytum einingar, s.s. milli, míkró, nanó o.s.frv.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma reikninga í einföldum jafnstraumsrásum. • teikna einfaldar jafnstraumsrásir. • teikna upp jafngildismyndir. • nota fjölsviðsmæli. • tengja einfaldar jafnstraumsrásir.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • tengja einfaldar jafnstraumsrásir eftir teikningu og framkvæma mælingar á þeim. • reikna einfaldar jafnstraumsrásir og sannprófa niðurstöður með notkun lögmála og/eða mælinga. • framkvæma mælingar og gera skýrslur út frá þeim.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

[Forsíða](#)

Titill	Rafmagnsfræði 2
Skammstöfun	RAFM2RS05B
Námsgrein	Rafmagnsfræði
Viðfangsefni	Riðstraumur, spólur, fasvik
Prep	2
Einingafjöldi	5
Lýsing	Áhersla er lögð á hvernig riðstraumur verður til, hvernig hann hegðar sér ásamt helstu hugtökum og lögmálum rafmagnsfræði riðstraums.
Forkröfur	RAFM2HL05
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • helstu lögmálum í riðstraumsrásum, t.d. spanlögmál Faradays og Lenz lögmálið. • segulkröftum riðstraums, spólum og þéttum. • straumþoli leiðara eftir mismunandi lagnaleiðum. • tengitáknum í span- og rýmdarrásum. • helstu reikningum í riðstraumsrásum. • fasviki. • vektoramyndum einfasa riðstraumsrása.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • reikna spennuföll í lögnum. • reikna einfaldar riðstraumsrásir með rýmd og spani. • nota helstu mælitæki fyrir riðstraumsrásir, eins og t.d. sveiflusjá. • teikna og tengja einfaldar riðstraumsrásir. • teikna vektoramyndir einfasa riðstraumsrása.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • tengja upp einfaldar riðstraumsrásir eftir teikningum og framkvæmt á þeim mælingar. • reikna einfaldar riðstraumsrásir og sannprófað niðurstöður með lögmálum og mælingum. • nota helstu mælitæki fyrir riðstraumsrásir. • framkvæma mælingar og gera skýrslur út frá þeim.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

[Forsíða](#)

Titill	Rafmagnsfræði 3
Skammstöfun	RAFM2BS05C
Námsgrein	Rafmagnsfræði
Viðfangsefni	Riðstraumur, spólur og þéttar
Prep	2
Einingafjöldi	5
Lýsing	Áhersla er lögð á nemandi reikni raunviðnám, launviðnám, samviðnám, spennuföll, fasvik og geri fasviksleiðréttingar í bæði hliðtengdum og raðtengdum RLC – rásum. Farið er í tíðni og áhrif hennar á riðstraumsrásir.
Forkröfur	RAFM2RS05
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • hvernig riðstraumsrásir með spólum og þéttum hegða sér við breytilega tíðni. • hvernig fasvik og fasviksleiðrétting virkar. • hvernig raun-, laun- og sýndarafli virkar. • vektoramyndum einfasa riðstraumsrása. • útreikningum einfasa mótorá. • síum. • mismunandi mælum og virkni þeirra. • þriggja fasa riðstraumsrásum og virkni þeirra.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • reikna fasvik og leiðréttu fasvik. • reikna raun-, laun- og sýndarafli. • reikna þriggja fasa riðstraumsrásir. • teikna upp jafngildismyndir. • teikna vektoramyndir einfasa riðstraumsrása. • nota mæla í mismunandi rásum.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • gera jafngildismyndir og lesa úr teikningum. • reikna einfaldar riðstraumsrásir og sannprófa niðurstöður með lögmálum og mælingum.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

[Forsíða](#)

Titill	Rafmagnsfræði 4
Skammstöfun	RAFM3RR05D
Námsgrein	Rafmagnsfræði
Viðfangsefni	Þrífasa rafmótorar, spennar, rafalar
Þrep	3
Einingafjöldi	5
Lýsing	Áhersla er lögð á rafmótora, spenna og rafala, bæði einfasa og þrífasa. Farið er í tengingar á þrífasa búnaði og tengimyndir. Gerð er grein fyrir helstu þrífasa mælitækjum og tengingu þeirra sem og áhrif bilana á rekstur þrífasa kerfa.
Forkröfur	RAFM2ÞS05
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • framleiðslu, flutningi og dreifingu á raforku í mismunandi raforkudreifikerfum. • myndun þrífasa hverfisegulsviðs. • tengingum einfasa og þrífasa spenna, tækja og véla. • tengja þrífasa búnað við veitukerfi eftir upplýsingum á merkiskilti viðkomandi tækis. • áhrifum bilana í þrífasa kerfum. • tapi í þrífasa búnaði. • fasviki í þrífasa búnaði og leiðréttingu á því. • vektoramyndum þrífasa búnaðar.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • teikna tengimyndir einfasa spenna. • teikna tengimyndir þrífasa spenna, tækja og véla. • teikna vektoramyndir þrífasa búnaðar. • reikna stærð á búnaði til að leiðrétta fasvik í þrífasa búnaði.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • lesa og skilja leiðbeiningar og merkiskilti ýmis konar þrífasa búnaðar. • reikna og mæla straum, spennu, afl og fasvik í þrífasa búnaði. • leiðbeina um val á búnaði og lögnum í viðkomandi veitukerfi.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

[Forsíða](#)

Titill	Rafmagnsfræði 5
Skammstöfun	RAFM3HF05D
Námsgrein	Rafmagnsfræði
Viðfangsefni	Framleiðsla, flutningur, háspenna
Prep	3
Einingafjöldi	5
Lýsing	Áhersla er lögð á skipulag raforkukerfa, þ.e. framleiðslu, flutning og dreifingu og fjallað um uppbyggingu mismunandi raforkudreifikerfa. Farið er í uppbyggingu helstu lágspennudreifikerfa hér á landi sem og helstu virkjanir á Íslandi. Farið er í háspennukerfið og þær öryggiskröfur sem þar gilda.
Forkröfur	RAFM3RR05
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • virkjunum á Íslandi. • nýorku. • framleiðslu, flutningi og dreifingu á raforku í mismunandi raforkudreifikerfum. • varnar- og öryggisbúnaði í þessum kerfum. • nauðsyn jarðtenginga og spennujöfnunar á veitukerfi. • háspennukerfi.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • reikna strauma, spennur, afl og fasvik í mismunandi veitukerfum við mismunandi álag. • leysa verkefni með ójafnlægu álagi. • lesa einlínmyndir af tengivirkjum með mismunandi fyrirkomulagi safnteina og rafbúnaði þeirra. • lesa einlínmynd af einföldu lágspennudreifikerfi með götuskápum og heimtaugum í innanbæjarkerfi.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • leiðbeina um val á réttum búnaði eftir aðstæðum í viðkomandi raforkukerfi. • velja réttar lausnir við uppsetningu á mismunandi álagi í mismunandi veitukerfum. • skipuleggja aðgerðir við lausn á ójafnlægu álagi og lagfæringum á fasviki álags.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Raflagnir, reglugerðir og raflagnateikning 1
Skammstöfun	RAFL1RÖ04A
Námsgrein	Raflagnir, reglugerðir og raflagnateikning
Viðfangsefni	lagnir, öryggi, lagnatækni, teikning, reglugerðir
Prep	1
Einingafjöldi	4
Lýsing	Áhersla er lögð á að nemandi kynnist vel starfi og starfssviði rafiðnaðarmannsins, fái fræðslu um öryggismál og honum kynntar gildandi reglugerðir fyrir fagið. Einnig kynnist hann því efni sem notast er við og hvað skal varast við uppsetningu á raflögnum. Hann tileinkar sér lestur á helstu táknum raflagnateikninga.
Forkröfur	Engar
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • mikilvægi umhverfismála með vali, flokkun og nýtingu á efni. • rafmagnsslysum og slyshættu við rafmagnsvinnu. • öryggi þess að hafa skipulag og þrífalegt á vinnustaðnum. • notkun efna í rafiðni með umhverfi og sjálfbærni í huga. • verkfærum rafiðnaðarmannsins. • virkni mismunandi rofa í rofarás. • lagningu kapal- og röralagna. • rofateikningum. • helstu táknum raflagnateikninga. • þekkja litamerkingar víra. • fjölsviðsmælum.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • umgangast og beita verkfærum. • tileinka sér öryggi á vinnustað. • tengja falir, klær og fjöltengi. • teikna tengimyndir af rofarásum. • tengja rofarásir eftir teikningu. • leggja kapal- og röralagnir. • mæla og staðsetja rafbúnað. • setja upp og tengja rafbúnað í ýmsum tengidósnum.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • gæta fyllsta öryggis í umgengni við rafmagn. • vinna samkvæmt gildandi reglugerðum. • geta valið einfaldan lagnabúnað með tilliti til aðstæðna. • geta greint mun á faglegum og ófaglegum vinnubrögðum. • velja og tengja leiðara við hæfi út frá teikningu. • mæla með fjölsviðsmæli og útskýrt niðurstöður.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Raflagnir, reglugerðir og raflagnateikning 2
Skammstöfun	RAFL2RT04B
Námsgrein	Raflagnir, reglugerðir og raflagnateikning
Viðfangsefni	Öryggismál, reglugerðir, raflagnateikning, raflagnir, greinatöflur
Prep	2
Einingafjöldi	4
Lýsing	Nemandi kynnist gildandi stöðlum og reglugerðum og viti hvernig ákvæðum reglugerða er framfylgt. Nemandi tileinki sér lestur og teikningu raflagnateikninga. Farið verður í varnarbúnað í greinatöflu, uppbyggingu þeirra og virkni, lagnir íbúðarhúsa og frágang á töflubúnaði. Nemandi lærir að velja leiðara og búnað við hæfi.
Forkröfur	RAFL1RÖ04
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • mikilvægi umhverfismála með vali, flokkun og nýtingu á efni. • hættum og varnaraðgerðum við vinnu í töflubúnaði. • gildandi öryggis- og reglugerðaákvæðum er varða raflagnir og varnaraðferðir. • áhrifum utanaðkomandi aðstæðna á raflagnir og rafbúnað, t.d. raki og varmi. • raflagnabúnaði fyrir neysluveitur. • raflagnateikningu í neysluveitu.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tengja ýmsa rofa og búnað sem tilheyra minni veitum. • setja upp og tengja rafbúnað í ýmsum tengidósum og með mismunandi leiðurum. • setja upp og víra greinatöflur eftir teikningu. • leggja einfalda lágspennulögn frá töflu og tengja rafbúnað. • ganga frá jarðtengingum og spennujöfnun. • lesa og teikna einfaldar töfluteikningar og tengja eftir þeim.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • teikna einfaldar töfluteikningar og tengja eftir þeim. • leita sér upplýsinga í gildandi staðli. • velja búnað fyrir neysluveitur. • ganga faglega frá greinatöflu. • framkvæma mælingar og gera skýrslu.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Raflagnir, reglugerðir og raflagnateikning 3
Skammstöfun	RAFL2VR04C
Námsgrein	Raflagnir, reglugerðir og raflagnateikning
Viðfangsefni	Varbúnaður, vírsverleiki, þriggja fasa töflu.
Prep	3
Einingafjöldi	4
Lýsing	Áhersla er lögð á lágspennu, varbúnað, vírsverleika og þriggja fasa töflu. Farið er í uppbyggingu á minni neysluveitu, staðsetningu á búnaði og lagnaleiðir. Nemandi fær þjálfun í notkun mælitækja og lögð er áhersla á fagmannleg vinnubrögð. Nemandi fær þjálfun í að teikna og lesa úr raflagnateikningum í minni neysluveitum.
Forkröfur	RAFL2RT04
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • mikilvægi umhverfismála með vali, flokkun og nýtingu á efni. • snerti- og brunahættu. • helstu varnaraðgerðum gegn hitaáráun, yfirstraum og spennutrúflun. • hættu á skemmdum búnaði þegar mælitækjum er beitt. • mælitækjum sem notuð eru við bilanaleit. • almennum kröfum í byggingarreglugerð til raflagna og rafbúnaðar í mannvirki. • einangrunarmæli. • reglum um sverleika leiðara miðað við áraun og staðla sem um það gilda. • kröfum um uppsetningu og frágang í mismunandi lagnaleiðum. • virkni mismunandi fjarrofa. • jarðtengingu og spennujöfnun. • uppbyggingu minni veitna og mikilvægi efnisvals í þær. • frágangi, tengingu og uppsetningu á lágspennulögnum.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • setja upp, tengja og merkja töflu eftir teikningu. • setja upp og tengja rafbúnað í og við töflu í ýmsum tengidósum og með mismunandi leiðurum. • tengja ýmsar gerðir fjarrofa. • tengja þriggja fasa tengla og klær. • beita mælitækjum í veitum.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • hanna, teikna og leggja lagnir í minni húsveitu. • þekkja mismunandi dreifikerfi samkvæmt gildandi reglugerð. • einangra, mæla og finna bilun í veitu. • velja búnað við hæfi út frá teikningu. • framkvæma mælingar á veitu, bilanagreina og gera skýrslu.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Raflagnir, reglugerðir og raflagnateikning 4
Skammstöfun	RAFL3RT05D
Námsgrein	Raflagnir, reglugerðir og raflagnateikning
Viðfangsefni	Raflagnir, aðaltafla, stofntaugar
Prep	3
Einingafjöldi	5
Lýsing	Áhersla er lögð á að nemandi lærir uppbyggingu á stærri neysluveitu og vali á aflrofum og helstu raflögnum og búnaði fyrir ljósa- og tenglagreinar. Áhersla er lögð á kunnáttu á varnarráðstöðunum í stærri neysluveitu, uppsetningu aðaltöflu og lagnir í henni. Nemandi gerir mælingar og kostnaðaráætlun.
Forkröfur	RAFL2VR04
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • mikilvægi umhverfismála með vali, flokkun og nýtingu á efni. • uppbyggingu og virkni varnarráðstafana. • gildandi reglugerðarákvæðum og stöðlum varðandi stærri raforkuvirki. • úttektarmælingu á neysluveitu og aðaltöflu.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • setja upp aðaltöflu með aflrofa við stærri neysluveitur. • teikna og tengja aðaltöflu og neysluveitu. • draga út fyrir mælum samkvæmt gildandi reglugerð. • ganga frá stofnlögnum, jarðtengingum og spennujöfnun. • leggja og tengja kvíslar að greinatöflum. • velja búnað við hæfi.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • ákvarða röðun búnaðar í aðaltöflu. • magntaka og gera kostnaðaráætlun. • framkvæma úttektarmælingar. • vinna samkvæmt gildandi reglugerðum og stöðlum. • velja búnað við hæfi út frá teikningu. • framkvæma mælingar og gera skýrslu. • gera úttektarskýrslu samkvæmt gildandi reglugerð.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Raflagnir smáspenna
Skammstöfun	RAFL2SV04DS
Námsgrein	Raflagnir, reglugerðir og raflagnateikning
Viðfangsefni	Smáspenna, viðvörunarkerfi, fjarskiptakerfi
Prep	2
Einingafjöldi	4
Lýsing	Áhersla er lögð á einfaldari viðvörunarkerfi, s.s. brunaviðvörunarkerfi og öryggiskerfi. Farið er yfir gildandi reglur og reglugerðir er varðar snerti- og brunahættu og fjarskiptalagnir.
Forkröfur	RAFL2VR04
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • mikilvægi umhverfismála með vali, flokkun og nýtingu á efni. • helstu öryggisreglum er varðar notkun á verkfærum og efnum. • helstu gerðum viðvörunarkerfa, s.s. bruna- og öryggiskerfa. • grunnþáttum brunabéttinga. • gildandi reglur og reglugerðir. • persónuverndarreglum er tengjast öryggis- og eftirlitskerfum. • frágangi á skermi og jarðtengingu í fjarskiptabúnaði. • virkni og tengimöguleikum mismunandi fjarskiptastrengja. • mismunandi virkni og tengingu búnaðar í fjarskiptakerfi. • notkun, uppsetningu og virkni neyðarlýsingar í smá- og lágspennukerfum.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nota efni á sjálfbærar máta. • leggja bruna- og boðskiptalagnir. • tengja einfalt öryggiskerfi með íhlutum. • tengja, mæla og sannreyna mismunandi tegundir fjarskiptastrengja. • tengja búnað í fjarskiptalögnum. • frágangi, tengingu og uppsetningu á smáspennulögnum. • teikna, útfæra, leggja og tengja smáspennulagnir. • tengja lagnir og skipuleggja smáspennuhólf í rafmagnstöflu.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • efnistaka í samræmi við hönnun. • teikna smáspennukerfi og tengja eftir teikningu. • velja búnað við hæfi út frá teikningu. • setja upp og tengja brunakerfi, öryggiskerfi og fjarskiptakerfi. • mæla og bilanagreina fjarskiptalagnir.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Raflagnateikning
Skammstöfun	RLTK3HT05
Námsgrein	Raflagnateikning
Viðfangsefni	Hönnun raflagna, magntaka og teikning
Prep	3
Einingafjöldi	5
Lýsing	Áhersla er lögð á að nemandi öðlist vald á teikningalestri, að teikna sniðmyndir, afstöðumyndir og grunnmyndir. Áhersla er lögð á val á búnaði og efni, magntöku og beitingu tölvuforrita.
Forkröfur	RAFL2VR04
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • gildandi stöðlum um raflagnateikningar fyrir raforkuvirki. • teiknireglum og staðalákvæðum með tillit til mismunandi umhverfisþátta. • heitum, hugtökum og teiknitáknum raflagnateikninga. • magntöku raflagna eftir raflagnateikningum.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa úr raflagnateikningum. • teikna neysluveitur og aðaltöflu. • beita tölvuforriti við gerð raflagnateikninga.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • velja og ákvarða efni fyrir raflagnir fyrir neysluveitu samkvæmt raflagnateikningu. • teikna raflagnir í tölvu. • teikna sniðmynd, afstöðumynd og grunnmynd út frá forskrift.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Reglugerðir og öryggismál
Skammstöfun	REST3SR04
Námsgrein	Reglugerðir og staðlar
Viðfangsefni	Reglugerðir og staðlar, öryggismál
Prep	3
Einingafjöldi	4
Lýsing	Áhersla er lögð á að nemandi kynnist gildandi stöðlum og reglugerðum og viti hvernig ákvæðum reglugerða er framfylgt. Nemandi þekki helstu tengimáta kerfa, álagsvarnir, lekastraumsvarnir og frágang jarðbindinga. Áhersla er lögð á mikilvægi öryggis í vinnuumhverfi og viðbrögðum við slysum.
Forkröfur	RALV2TM06
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • slyshættu í vinnuumhverfi rafiðnaraðmanna og helstu öryggisráðstöfunum gegn henni. • raforkukerfi og rafbúnaði í íslenskum skipum. • almennum kröfum í byggingarreglugerð til raflagna og rafbúnaðar í mannvikjum. • magni, gerð og staðsetningu á rafbúnaði til raflagna fyrir íbúðarhúsnæði. • tengingum neysluveitna við lágspennudreifikerfi rafveitna. • fyrirkomulagi og frágangi á mælitækjum við raforkunotkun. • grunnreglum um raflagnir bygginga, reglugerð um öryggismál og skilgreiningu íðorða um öryggi. • mismunandi gerðum dreifikerfa og almennum eiginleikum raflagna í byggingum. • kröfum til sérstakra lagna eða staða. • sérákvæðum vegna staðsetningar virkja.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • leita sér upplýsinga í gildandi staðli. • nýta gildandi staðla til að velja búnað fyrir neysluveitur. • bregðast við rafmagnsslysum.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • velja efni og búnað samkvæmt kröfum í gildandi staðli og reglugerðum. • velja réttan öryggisbúnað og hlífðarfatnað. • bregðast við slysum á réttan hátt. • ráðleggja um efni og búnað skv. staðli.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Verktækni og fínsmíði 1
Skammstöfun	VGRT1LM04A
Námsgrein	Verktækni og fínsmíði
Viðfangsefni	Lóðningar, mælingar, verkfæri
Prep	1
Einingafjöldi	4
Lýsing	Áhersla er lögð á að nemandi læri að beita helstu verkfærum sem notuð eru í fínvinnu og læri grunnatriði við smíði einfaldra rafeindarása. Nemandi lærir að nota lóðbolta, geti greint íhluti út frá teiknitáknum og tengt eftir teikningum. Nemandi gerir einfaldar mælingar á spennu, viðnámi og straumi í rásum.
Forkröfur	Engar
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • mikilvægi umhverfismála með vali, flokkun og nýtingu á efni. • helstu verkfærum sem eru notuð í fínvinnu rafbúnaðar. • heitum og hugtökum er tengist rafbúnaði. • notkun á mælitækjum. • notkun efna í fínvinnu rafiðnaðar með umhverfið og sjálfbærni í huga. • teiknitáknum íhluta.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beita helstu verkfærum sem eru notuð í fínvinnu rafbúnaðar. • fortina víra, lóða tengi og verborð. • afeinangra og ganga frá vírum, bæði fín- og einþættum. • greina íhluti út frá teiknitáknum þeirra. • tengja einfalda rás. • lóða einfalda íhlutarás. • málsetja.
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • velja verkfæri við hæfi. • afeinangra víra. • lóða og aflóða íhluti. • velja íhluti eftir einfaldri rafrásarteikningu og tengja. • vinna samkvæmt málsetningu. • gera einfaldar mælingar á íhlutum og rásum.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Verktækni og fínsmíði 2
Skammstöfun	VGRT2RS04B
Námsgrein	Verktækni og fínsmíði
Viðfangsefni	Smíði rafeindarása
Prep	2
Einingafjöldi	4
Lýsing	Áhersla er lögð á að nemandi lesi teikningar og læri um hlutverk íhluta og virkni þeirra. Nemandi teiknar og útfærir flóknari íhlutarásir með spólum, þéttum, transistorum o.fl. Nemandi framkvæmir mælingar með helstu mælitækjum sem notuð eru í rafeindatækni.
Forkröfur	VGRT1LM03
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • mikilvægi umhverfismála með vali, flokkun og nýtingu á efni. • hermi- og teikniforritum. • teikningu hluta í hugbúnaði og útfærslu þeirra. • virkni helstu íhluta, s.s. þétta, spólur og transistora. • frágangi víra og íhluta í rafeindatækjum. • heitum og hugtökum er tengist rafbúnaði.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa íhluta teikningar og blokkmyndir af rafbúnaði. • vinna með og prófa rásir í hermiforriti. • útfæra og teikna rafeindarásir í hugbúnaði. • lóða íhlutarás. • tengja mismunandi rafeindarásir t.d. RLC rásir, spennuhækkun og spennulækkun, flóknari DC-rásir,
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæma áhættumat og lágmarka þær hættur sem geta skapast við vinnu. • útfæra og teikna upp rafeindarás. • velja íhluti eftir efnislista og skipta út íhlutum. • setja saman flóknari rásir. • ganga faglega frá vírum og íhlutum í rafeindatækjum. • yfirfæra hönnun og teikningar yfir á prentplötu. • sannreyna virkni rása með mælingum og bilanagreiningu.
Námsmat	Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn og að reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá sé fylgt.

Titill	Rafvélar
Skammstöfun	RAFV3RS04
Námsgrein	Rafvélar
Viðfangsefni	Rafvélar, ræsibúnaður, spennar
Prep	3
Einingafjöldi	4
Lýsing	Áhersla er lögð á rafvélar þ.e. rafala, mótora og spenna bæði jafnstraums-, einfasa- og þriggjafasa riðstraums.
Forkröfur	RAFM3RR05, STÝR3HS04
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • mikilvægi faglegra vinnubragða og öryggis s.s. varnarbúnað og persónuöryggi. • merkiskiltum og upplýsingarriti fyrir rafvélar. • virkni rafala, mótora og spenna. • tengimáta mismunandi ræsiaðferða. • legubúnaði og teiknitáknum rafvéla. • virkni mjúkræsa og tíðnibreyta. • tengingum og mælingum á rafvélum.
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tengja ýmis konar rafvélar við mismunandi ræsibúnað og neysluveitur. • tengja þriggja fasa rafmótora við hraðastýringar og mjúkræsa. • framkvæma mælingar á rafvélum.
